

# Vegvísir



**Innleiðing á skólastefnu Garðabæjar 2010-2013 í  
Hofsstaðaskóla**



# EFNISYFIRLIT

1. Vegvísir að bættum árangri
2. Markmið 2011 – kynning fyrir skólanefnd
3. Stefnukort Hofsstaðaskóla
4. Aðgerðaráætlun fyrir Hofsstaðaskóla 2011-2013
5. Fylgiskjöl
  - a) Niðurstöður skólaþings – kennarar
  - b) Niðurstöður skólaþings – foreldrar
  - c) Endurskoðun skólastefnu Garðabæjar – starfsmenn (unnið í des. 2009)
  - d) Endurskoðun skólastefnu Garðabæjar – nemendur (unnið í des. 2009)

## Vegvísir að bættum árangri

### Hofsstaðaskóli og skólastefna Garðabæjar

Á fundi bæjarstjórnar 17. september 2009 var samþykkt tillaga um endurskoðun skólastefnu Garðabæjar. Skólastefnan er heildstæð og nær til leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla. Áður en hafist var handa við gerð skólastefnunnar var leitast við að fá fram skoðanir og áherslur sem flestra. Í desember 2009 voru starfsmenn og nemendur beðnir um að svara spurningunum: *Hvað gerir skólastarf gott? og hvað í skólastarfinu finnst þér að megi breyta eða bæta?* Unnið var í hópavinnu og skilaði skólinn niðurstöðum sínum til skólaskrifstofu. Skólaskrifstofa lagði sambærilega könnun fyrir foreldra.

Skólastefnan var gefin út í maí 2010 og er skólunum í Garðabæ ætlað að innleiða hana á næstu þremur árum, ásamt því að skila aðgerðaráætlun árlega og mati í lok tímabilsins. Skólaskrifstofa sendi út spurningakönnun í október 2010 til starfsmanna og foreldra þar sem svarendur voru beðnir um að svara 35 spurningum eða fullyrðingum af þeim 55 sem koma fram í skólastefnunni. 98% starfsmanna svöruðu könnuninni en foreldrar um 30% nemenda. Skólinn ákvað að leggja valdar spurningar fyrir nemendur í 6. og 7. bekk en umsjónarkennarar og kennsluráðgjafi í tölvu- og upplýsingatækni aðstoðuðu nemendur ef orðalag var of strembið. 92% nemenda luku könnunni.

Til þess að skerpa samanburð á milli einstakra þátta var farin sú leið að gefa tilteknum svörum ákveðin stig á fimm bila kvarða (svokallaðan 5 punkta Likertkvarða sem hefur m.a. verið notaður til þess að reikna út meðaltal í félagsfræðilegum rannsóknum). Þannig fékk svarið *mjög sammála* 5 stig, svarið *frekar sammála*, fékk 4 stig. Svarið *hlutlaus* fékk 3 stig, svarið *frekar ósammála* fékk 2 stig og svarið *mjög ósammála* fékk 1 stig. Ekki var tekið tillit til þeirra svara þar sem merkt var við svarmöguleikann *svara ekki og hlutlaus*. Með þessu móti var hægt að reikna út meðaltalsniðurstöður spurninganna.

Til þess að varpa skýrara ljósi á gildi meðaltalanna voru þau flokkuð í samanburðarbil. The Gallup Organization hefur m.a. notað þessa aðferð í vinnustaðgreiningum og byggist sú flokkun á tengslum starfsánægju og framleiðni starfsfólks. Þar sem skóli er vinnustaður nemenda þótti við hæfi að styðjast við þessa aðferð. Til einföldunar var einnig notast við litamerkingu. Ef meðaltalið var 4,2 eða hærra fékk það bláan lit og telst til styrkleika skólans (*styrkleikabil*). Fyrir meðaltal á bilinu 3,7-4,19 er gefinn grænn litur og telst viðunandi (*starfhæft bil*). Fyrir meðaltal lægra en 3,69 er gefinn rauður litur og ljóst að aðgerða er þörf (*aðgerðarbil*).

Styrkleikabil 4,2-5,0

Starfhæft bil 3,7-4,19

Aðgerðarbil 1,0-3,69

## Niðurstöður kannana

Hér má sjá niðurstöður allra kannana á einni mynd.

	Foreldrar	Starfsmenn	Nemendur	Meðaltal
<b>Markmið</b>				
Nemendur fá tækifæri til taka þátt í verkefnum sem hvetja til skapandi og sjálfstæðrar hugsunar.	4,35	4,31	4,14	4,27
Nemendur fá þjálfun í heimspekilegri samræðu.	3,60	3,27		3,44
Einstaklingsmiðað skólastarf er vel skilgreint.	3,70	4		3,85
Kennarar skapa foreldrum tækifæri á hverju ári til að taka að sér tiltekin verkefni.	3,78	4,13		4
Mannauður er nýttur á markvissan hátt.	4,14	4,25		4,19
Starfsfólk tileinkar sér helstu nýjungar í kennslu og námi á hverjum tíma.	3,99	4,11		4,05
Nemendur eru þjálfaðir í að skipuleggja eigið nám.	3,61	3,56	4,07	3,75
Nemendur eru þjálfaðir í að leggja metnað í störf sín.	4,22	4,26	4,24	4,24
Stefna um heimanám er skýr.	4,16	4,31		4,24
Notaðir eru fjölbreyttir mælikvarðar og aðferðir við mat á námi.	3,83	4,25	4,34	4,14
Allir vinna markvisst að því að efla íslensku og læsi.	4,32	4,43		4,37
Lögð er áhersla á fjölbreytta kennsluhætti með styrkleika nemenda að leiðarljósi.	3,90	4,28	4,17	4,12
Virðing og ábyrgðarkennd nemenda fyrir umhverfi sínu er eflid með virkri þátttöku í umhverfisverkefnum.	4,28	4,13	4,23	4,21
Gott aðgengi er að sérfræðiaðstoð til að koma til móts við þarfir allra nemenda.	3,97	4,43		4,2
Upplýsingakerfi eru notuð á markvissan og fjölbreyttan hátt til að upplýsa foreldra um nám og skólastarf.	4,25	4,65		4,45
Góð aðstaða er til kennslu ásamt búnaði og viðeigandi tækjum sem styðja við nám nemenda.	4,27	4,05	4,36	4,23
Unnið er markvisst að samstarfi milli skóla og skólástiga.	4,02	4,26		4,14
Starf tómstundaheimila er vel skipulagt og fjölbreytt.	4,15	4,28		4,21
Tómstundaheimili/félagsmiðstöð kynna foreldrum markmið starfsins og dagskrá reglulega.	3,48	4,28		3,88
Stuðlað er með markvissum hætti að andlegu og líkamlegu heilbrigði nemenda.	4,16	4,33		4,24
Nemendur fá fjölbreytt tækifæri til daglegrar hreyfingar og útiveru.	4,30	4,27	4,33	4,3
Nemendur taka þátt í að móta sér heilbrigðan lífsstíl til framtíðar.	4,14	4,13	4,27	4,18
Stuðlað er með markvissum hætti að andlegu og líkamlegu heilbrigði starfsfólks.	4,36	3,49		3,93
Stuðlað er að því að starfsfólk sé nemendum góð fyrirmynd um holla lífshætti.	4,32	4,11		4,21
Íþróttir- og tómstundastarf er kynnt fyrir nemendum.	4,16	4,43	4,37	4,32
Eftirlit er með gæðum skólamáltíða.	2,99	4,03		3,51
Séð er til þess að nemendum standi til boða hollur matur.	3,44	4,27	4,25	3,86
Nemendur fá tækifæri til að setja sér markmið og finna sér lífsgildi.	3,74	3,73		3,74
Unnið er með markvissum hætti að eflingu sjálfsvirðingar og sjálfsábyrgðar.	4,14	4,03	4,2	4,08
Unnið er markvisst gegn einelti.	4,00	4,38	4,42	4,19
Fræðsla um samskipti og eflingu lýðræðislegra starfshátta í skólastarfi er til staðar.	4,07	3,84	4,16	3,95
Beitt er viðurkenndum aðferðum til að stuðla að jafnræði meðal stúlkna og drengja í námi og vinnu.	4,03	3,93	4,2	3,98
Nemendafélagið er öflugt.	3,72	3,70	3,99	3,71
Vinahópar eru virkir.	3,39	3,72		3,55
Beitt er markvissum aðferðum til að tryggja góð og heilbrigð samskipti.	4,08	4,26	4,19	4,17

Með því að rýna nánar í kannanirnar og stilla þeim upp þannig að teknir eru saman í eina töflu þeir þættir þar sem meðaltalið er u.þ.b. á styrkleikabili má sjá hversu sátt skólasamfélagið er við marga þætti í starfsemi skólans.

### Meðaltal við styrkleikabil

Markmið	Foreldrar	Starfsmenn	Nemendur	Meðaltal
Upplýsingakerfi eru notuð á markvissan og fjölbreyttan hátt til að upplýsa foreldra um nám og skólastarf.	4,25	4,65		4,45
Allir vinna markvisst að því að efla íslensku og læsi.	4,32	4,43		4,37
Íþróttir- og tómstundastarf er kynnt fyrir nemendum.	4,16	4,43	4,37	4,32
Nemendur fá fjölbreytt tækifæri til daglegrar hreyfingar og útiveru.	4,30	4,27	4,33	4,30
Unnið er markvisst gegn einelti.	4,00	4,38	4,42	4,27
Nemendur fá tækifæri til taka þátt í verkefnum sem hvetja til skapandi og sjálfstæðrar hugsunar.	4,35	4,31	4,14	4,27
Stuðlað er með markvissum hætti að andlegu og líkamlegu heilbrigði nemenda.	4,16	4,33		4,24
Nemendur eru þjálfaðir í að leggja metnað í störf sín.	4,22	4,26	4,24	4,24
Stefna um heimanám er skýr.	4,16	4,31		4,24
Góð aðstaða er til kennslu ásamt búnaði og viðeigandi tækjum sem styðja við nám nemenda.	4,27	4,05	4,36	4,23
Virðing og ábyrgðarkennd nemenda fyrir umhverfi sínu er eflað með virkri þátttöku í umhverfisverkefnum.	4,28	4,13	4,23	4,21
Stuðlað er að því að starfsfólk sé nemendum góð fyrirmynd um holla lífshætti.	4,32	4,11		4,21
Starf tómstundaheimila er vel skipulagt og fjölbreytt.	4,15	4,28		4,21
Gott aðgengi er að sérfræðiaðstoð til að koma til móts við þarfir allra nemenda.	3,97	4,43		4,20

Foreldrar, starfsmenn og nemendur eru greinilega ánægðir með:

- **Upplýsingastreymi**
- **Kennslu í íslensku og læsi**
- **Hreyfingu og útiveru**
- **Að markvisst sé unnið gegn einelti**
- **Verkefni sem hvetja til skapandi og sjálfstæðrar hugsunar**
- **Öfluga umhverfisvitund nemenda**

Hér má aftur sjá þætti sem falla á starfhæft bil, en hollt er fyrir skólasamfélagið að skoða hvort hægt sé að gera enn betur. Í sumum tilvikum er mikill munur á skoðun hópanna. Í einhverjum tilvikum er líklegt að foreldrar hafi ekki forsendur til að svara spurningum sbr. það sem fram kemur í fundargerð skólaráðs frá 2. desember 2010. Kennarar telja að lögð sé áhersla á fjölbreytta kennsluhætti og fjölbreytt námsmat, en foreldrar eru ekki á sama máli. Nemendur telja að kennsluaðferðir séu nokkuð fjölbreyttar og gefa fjölbreyttum mælikvörðum við mat á námi háa einkunn. Nemendur eru almennt jákvæðastir í garð skólans síns af þessum þremur hópum.

### Meðaltal við starfhæft bil

Markmið	Foreldrar	Starfsmenn	Nemendur	Meðaltal
Mannauður er nýttur á markvissan hátt.	4,14	4,25		4,19
Beitt er markvissum aðferðum til að tryggja góð og heilbrigð samskipti.	4,08	4,26	4,19	4,18
Nemendur taka þátt í að móta sér heilbrigðan lífsstíl til framtíðar.	4,14	4,13	4,27	4,18
Unnið er markvisst að samstarfi milli skóla og skólastiga.	4,02	4,26		4,14
Notaðir eru fjölbreyttir mælikvarðar og aðferðir við mat á námi.	3,83	4,25	4,34	4,14
Unnið er með markvissum hætti að eflingu sjálfsvirðingar og sjálfsábyrgðar.	4,14	4,03	4,2	4,12
Lögð er áhersla á fjölbreytta kennsluhætti með styrkleika nemenda að leiðarljós	3,90	4,28	4,17	4,12
Beitt er viðurkenndum aðferðum til að stuðla að jafnræði meðal stúlkna og drengja í námi og vinnu.	4,03	3,93	4,2	4,05
Starfsfólk tileinkar sér helstu nýjungar í kennslu og námi á hverjum tíma.	3,99	4,11		4,05
Fræðsla um samskipti og eflingu lýðræðislegra starfshátta í skólastarfi er til sta	4,07	3,84	4,16	4,02
Séð er til þess að nemendum standi til boða hollur matur.	3,44	4,27	4,25	3,99
Kennarar skapa foreldrum tækifæri á hverju ári til að taka að sér tiltekin verkefni.	3,78	4,13		3,96
Stuðlað er með markvissum hætti að andlegu og líkamlegu heilbrigði starfsfólks	4,36	3,49		3,93
Tómstundaheimili/félagsmiðstöð kynna foreldrum markmið starfsins og dagskrá reglulega.	3,48	4,28		3,88
Einstaklingsmiðað skólastarf er vel skilgreint.	3,70	4		3,85
Nemendafélagið er öflugt.	3,72	3,70	3,99	3,80
Nemendur eru þjálfaðir í að skipuleggja eigið nám.	3,61	3,56	4,07	3,75
Nemendur fá tækifæri til að setja sér markmið og finna sér lífsgildi.	3,74	3,73		3,74

Í samantektinni hér að neðan má sjá hvaða þættir koma út á aðgerðarbil. Eftirlit með gæðum skólamáltíða er á forræði skóladeildar. Vinahópar eru misvirkir í skólanum, en þeir hafa aðallega verið hjá yngri nemendum. Í sumum tilvikum finnst foreldrum of mikið að vera með vinahópa á hverju ári og eins er ekki hægt að vera með vinahópa í öllum bekkjum vegna andstöðu foreldra. Skólinn þarf að taka upp kennslu í heimspekilegri samræðu til að uppfylla markmið skólastefnu. Til þess þarf að mennta alla kennara, en markmiðið er að skólinn bjóði kennurum upp á námskeið haustið 2013 og kennarar fái handleiðslu skólaárið 2013-2014 þannig að heimspekileg samræða verði formlegur hluti af skólanámskrá.

### Meðaltal við aðgerðarbil

	Foreldrar	Starfsmenn	Nemendur	Meðaltal
<b>Markmið</b>				
Vinahópar eru virkir.	3,39	3,72		3,55
Eftirlit er með gæðum skólamáltíða.	2,99	4,03		3,51
Nemendur fá þjálfun í heimspekilegri samræðu.	3,60	3,27		3,44

## Skólaþing

Starfsfólk á skóladeild kynnti skólastefnuna fyrir skólastjórum og lagði upp ákveðið vinnuferli. Skólum var m.a. ætlað að boða til opins skólaþings með hagsmunaaðilum skólans, þ.e. starfsmönnum, foreldrum og mögulega nemendum.

Kennarar héldu skólaþing 18. nóvember. Skipt var í hópa, en í hverjum hópi voru sex kennarar, þar af einn hópstjóri sem vann samkvæmt erindisbréfi. Hver hópur valdi tvö af átta markmiðum sem þeim var úthlutað af handahófi. Þeir áttu að skrá aðgerð, þ.e. hvað er gert og hvernig það er gert eða verður gert, rökstyðja, forgangsraða og koma með tillögu að mati. Í lok þingsins voru niðurstöður kynntar.

Foreldrum var boðið til skólaþings 24. nóvember. Um 20 foreldrar mættu á þingið, en fjórir kennarar voru hópstjórar. Fyrirkomulagið var með sama hætti og hjá kennurum.

Nemendur í 6. og 7. bekk svöruðu hluta þeirra spurninga sem starfsmenn og foreldrar svöruðu, auk þess sem stjórn nemendafélagsins var boðuð til fundar. Á fundinum fengu nemendur tækifæri til að ræða um nokkur atriði úr skólastefnunni.

Þar sem útkoman úr könnuninum var jafn góð og raun ber vitni kom fram ósk frá skólaráði og foreldrafélagi að ekki yrði einungis unnið með það sem betur mætti fara (aðgerðarbil) á skólaþinginu heldur fengi fólk líka tækifæri til að ræða um það sem vel gengi og velta því fyrir sér hvort hægt væri að gera enn betur.

Að skólaþingi loknu voru markmið beggja hópanna tekin saman, en hóparnir voru nokkuð sammála um hvaða markmið þeir vilja leggja áherslu á næstu þrjú árin. Fá markmið snéru að námi og kennslu, en því fleiri að umhverfi og skipulagi, hollustu og hreyfingu og lýðræði og virðingu.

### **Umræða í skólaráði**

Skólaráð var boðað til fundar 2. desember 2010 til að ræða þau markmið sem þátttakendur á skólaþingi settu á oddinn. Fram kom á fundinum að skólaráðið er mjög ánægt með niðurstöðurnar, en hefði gjarnan viljað að fleiri foreldrar hefðu tekið þátt. Umræður voru fjörugar og ýmsar hugmyndir reifaðar.

Í framhaldi af þessum fundi var ákveðið að sjálfsmatsteymi skólans og stjórnendur skoðuðu markmiðin, kæmu með tillögu að forgangsröðun t.d. miðað við þær þjargir sem fyrir hendi eru. Að mati stjórnenda voru ekki valin nægilega mörg markmið sem snúa að námi og kennslu og þess vegna var þeim bætt við í aðgerðaráætlunina.

Árið 2011 verður lögð áhersla á þrjú markmið en þau eru: *Læsi og lestrarnám, fjölbreyttar námsmatsaðferðir, heilbrigð samskipti, lýðræði, félagsfærni og jafnrétti kynjanna*. Unnið er markvisst að öllum markmiðum sem eiga að koma til framkvæmda eða eru þegar í gangi fyrir árið 2011. Í aðgerðaráætlun má sjá markmið sem koma eiga til framkvæmda árin 2012 og 2013.

Samhliða aðgerðaráætluninni er sjálfsmatsteymi skólans að vinna að því að innleiða stefnumiðað árangursmat (BSC). Stefnumiðað árangursmat er stjórnæki sem getur nýst stjórnendum á margvíslegan hátt við áætlanagerð, mótun viðmiða og hvernig mat á árangri á að fara fram. Stefnumiðuð árangursmat beinir sjónum að heildarárangri skólans. Einnig er ætlunin að búa til árangurskort eða skorkort þar sem nánar er útskýrt hvernig unnið skal að markmiðunum og talin upp þau verkefni sem vinna á að ásamt mælikvörðum og viðmiðum. Skóli getur auðveldlega beitt sömu aðferðum og fyrirtæki við áætlanagerð, mótun viðmiða og hvernig mat á árangri á að fara fram. Fyrir tveimur árum var ákveðið að meta innra starf skólans með hugmyndafræði stefnumiðaðs árangursmats. Flest þeirra markmiða sem koma fram í skólastefnunni verða með einum eða öðrum hætti hluti af sjálfsmati skólans.

f.h. Hofsstaðaskóla í mars 2011

Margrét Harðardóttir skólastjóri



Markmið	Aðgerðir	Rökstuðningur	Mælikvarðar	Viðmið
Læsi og lestrarnám	Fylgja markmiðum lestrarstefnu Hofstaðaskóla	Lestur er undirstaða alls náms	Skoða einkunnir nemenda	Samantekt í ársskýrslu
	Lestraráttak í 2.-4. bekk í samstarfi við foreldra	Auka lestrarhraða nemenda sem ekki hafa náð viðmiðum	Samanburður á lestrarhraða fyrir og eftir lestrarátak	Að 80% nemenda nái lestrarviðmiði skólans í hverjum árgangi
	Þróunarverkefni - námskeið í Orð af orði	Auka orðaforða nemenda og styðja við lestrarkennslu	Fjöldi kennara sem tekur þátt	90% virk þátttaka allra kennara
	Þróunarverkefni í ritun - skólaheimsókn til Bretlands	Auka færni og áhuga nemenda í ritun	Fjöldi kennara sem tekur þátt - framfarir og aukin ánægja nemenda	100% virk þátttaka umsjónarkennara og sérkennara
	Þróunarverkefni í skrift	Samræma skriftarkennslu í skólanum	Fjöldi kennara sem tekur þátt	90% virk þátttaka umsjónarkennara og sérkennara
	Úrvinnsla samræmdra prófa framfaræinkunnir	Einn af mælikvörðum um árangur skóla	Meðaleinkunnir verði ávallt hærri en á höfuðborgarsvæðinu. Nemendur sýni framfarir á milli 4. og 7. bekkjar	Að Hofstaðaskóli verði yfir meðaltali á höfuðborgarsvæðinu

Markmið	Aðgerðir	Rökstuðningur	Mælikvarðar	Viðmið
Fjölbreyttar námsmatsaðferðir	Leiðsagnarmat	Koma til móts við ólíkar þarfir og getu nemenda	Fjöldi nemenda/foreldra sem skilar inn mati í október	85% skil
	Leiðsagnarmat	Nemendur beri ábyrgð ásamt foreldrum sínum á að setja sér markmið og fylgja þeim	Fjöldi nemenda/foreldra sem svarar spurningunni um markmiðssetningu	75% skil
	Birta nemendum og foreldrum nemenda í 1. bekk vitnisburð í janúar	Námsframvinda nemenda á alltaf að vera sýnileg foreldrum	Allir kennarar skrá vitnisburð og birta foreldrum	100% skil
	Stefna að notkun á námsframvindu í öllum greinum í 1. bekk	Til þess að nemendur og foreldrar geri sér betur grein fyrir stíganga í náminu	Allir kennarar sem kenna 1. bekk nýti þennan möguleika	100%
	Nota námsframvinduna til að birta námsmat í list- og verkgreinum, eðlisvísindum, sundi og ritþjálfu	Foreldrar eigi greiðari aðgang að námsframvindu barna sinna allt skólaárið	Allir kennarar sem kenna þessar greinar skili sínu námsmati í námsframvundunni	100% skil
	Skoða hvort innleiða eigi námsframvinduna í fleiri greinum	Samræma námsmat og framsetningu í öllum greinum í öllum árgöngum	Útfærsla í skoðun	Útfærsla í skoðun
	Fjölbreytt námsmat	Stuðlar að árangursríkara námi	Sjá námsvísa og kennsluáætlanir	Gátlistar, hver kennari merki við hvaða aðferðum hann beitir

Markmið	Aðgerðir	Rökstuðningur	Mælikvarðar	Viðmið
Heilbrigð samskipti, lýðræði, félagsfærni og jafnrétti kynjanna	Tengslakannanir	Tengslakannanir eru lagðar fyrir nemendur til að fylgjast með tengslamyndun og vinasamböndum, bæði í bekk og í frímínútum	Umsjónarkennari leggur tengslakannanir fyrir alla nemendur í október ár hvert í samstarfi við námsráðgjafa og aftur í janúar ef þurfa þykir	Nemendur sem lenda á jaðrinum í tengslakönnun séu færri en 5%
	Bekkjarfundir	Nemendur eiga að hafa lýðræðislega aðkomu að því að ræða og leysa úr eigin málum	Allir umsjónarkennarar halda bekkjarfundi reglulega - námsráðgjafi vinnur með hópum þegar það á við	Fjöldi bekkjarfunda í hverjum bekk - sjá í ársskýrslu
	Félagsfærnihópar	Nemendur sem þurfa aðstoð varðandi félagsfærni eiga kost á þjálfun í litlum hópum hjá þroskaþjálfara	Huglægt mat - viðtöl við nemendur	Huglægt mat, samanburður á tengslakönnunum í október og janúar
	Virkt nemendafélag	Samkvæmt grunnskólalögum ber öllum skólum að sjá til þess að nemendafélag starfi við skólann	A.m.k. fjórir fundir árlega með stjórn nemendafélagsins	100%
	Salur	Nemendur fá tækifæri til að tjá sig fyrir framan áhorfendur. Foreldrum boðið á skemmtun með nemendum	Þátttaka allra nemenda. Huglægt mat	Allir umsjónarkennarar undirbúi skemmtun á sal árlega. Kemur fram í ársskýrslu

Markmið	Aðgerðir	Rökstuðningur	Mælikvarðar	Viðmið
Heilbrigð samskipti, lýðræði, félagsfærni og jafnrétti kynjanna	Bekkjarkvöld	Einn liður í samstarfi heimila aog skóla sbr. grunnskólalög	Allir umsjónarkennarar skipuleggja bekkjarkvöld tvisvar á skólaári. Auk þess er haldið þorablót í 6. bekk og árshátíð í 7. bekk	Sjá í ársskýrslu
	Vinahópar	Nemendur og foreldrar fá tækifæri til að kynnast og eiga góða stund saman	Einu sinni til tvisvar yfir skólaárið undir stjórn foreldra	Að hvert heimili haldi vinahópa a.m.k. x1 á skólaári
	Skólaráð	Samkvæmt grunnskólalögum eiga skólaráð að starfa í öllum skólum, þar eiga nemendur tvo fulltrúa foreldrar (grenndarsamfélag) þrjá og starfsmenn þrjá, auk skólastjóra	Sex til átta fundir árlega	Fjöldi funda og fundarsókn
	Jafnréttisáætlun	Samkvæmt lögum eiga stofnanir með fleiri en 25 starfsmenn að eiga skriflega jafnréttisáætlun	Stjórn nemendafélagsins taki þátt í gerð jafnréttisáætlunar með starfsmönnum	Viðhorfakönnun lögð fyrir nemendur og starfsmenn um jafnrétti í skólastarfi
	Eineltisáætlun	Allir skólar vinni samkvæmt áætluninni Gegn einelti í Garðabæ	Fjöldi skráðra eineltismála-bæði grunuð og staðfest. Sjá í ársskýrslu námsráðgjafa	100% skráningar á grunuðum/staðfestum eineltismálum. 100% eftirfylgni
	Nemenda- og foreldrasamtöl	Kennarar hitti nemendur og foreldra formlega tvisvar á ári til að eiga samtál um skólagöngu nemenda	Yfirlit yfir þátttöku	100% mæting

# Stefnukort Hofstaðaskóla

## Skólastarf

Fjölbreyttar kennslu- og námsmatsaðferðir

Stöðugar framfarir og árangur

Nemendur þjálfist í að bera ábyrgð á eigin nám

Heilbrigður lífsstíll, hreyfing og útivera

Heilbrigð samskipti, góð félagsfærni og jafnræði

## Fjármál

Ábyrg nýting verðmæta og hagkvæm fjármála- stýring

## Þjónusta

Einstaklings- miðað skólastarf

Gott aðgengi að sérfræðiaðstoð

Gott upplýsingaflæði

Virkt samstarf hagsmunaaðila

## Mannauður

Eftirsóknar- verður vinnustaður

Öruggt og hvetjandi starfsumhverfi

Fjölbreytt starfspróun og virkur mannaúður

Góð liðsheild

Markmið	Aðgerð hvað gert	Aðgerð hvað verður gert	Rökstuðningur hvers vegna	Mælikvarði hvernig metið	Ábyrgð
Læsi og lestrarnám	<p>Unnið skv. lestrarstefnu skólans (sjá <a href="http://www.hofsstadaskoli.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=98145">http://www.hofsstadaskoli.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=98145</a>).</p> <p>Námskeið um ritun haust 2010 (8 kennarar), kynning fyrir alla kenn.</p> <p>Kynning á Orð af orði fyrir stjórnendur, skólaheimsókn stjórnenda.</p> <p>Úrvinnsla samræmdra prófa.</p> <p>Mikil útlán á bókasafni.</p>	<p>Unnið verður áfram skv. lestrarstefnu skólans.</p> <p>Þróunarverkefni um ritun og Orð af orði. Sótt verður um styrk í Endurmenntunarsjóð, Sprotasjóð og Vonarsjóð KÍ. Skólaheimsókn og námskeið til Bretlands (15 kennarar/stjó.) í júní 2011.</p> <p>Umsókn í Endurmenntunarsjóð skriftarkennsla.</p>	<p><i>Samkvæmt skólastefnu Garðabæjar.</i> Styrkja nemendur til að afla sér þekkingar og betri færni í tjáningu í ræðu og riti. Allir nemendur geta bætt lesskilning sinn, við þurfum að finna leiðina. Læsi er undirstaða alls náms.</p>	<p>80% nemenda náí viðmiðum í lestri skv. lestrarstefnu - sjá í ársskýrslu. Árangur af lestrarátaki.</p> <p>Fjöldi kennara sem eru raunverulegir þátttakendur í Orð af orði/ritun - skoða á hverju ári.</p> <p>Talning bóka á bókasafni í útláni árlega.</p>	<p>Stjórnendur sérstaklega deildarstjórar í samstarfi við umsjónarkennara og sérkennara.</p>

Markmið	Aðgerð hvað gert	Aðgerð hvað verður gert	Rökstuðningur hvers vegna	Mælikvarði hvernig metið	Ábyrgð
Fjölbreyttar kennsluáferðir og skapandi skólafar	Þemavinna, söguaðferð, samvinnunám, bein kennsla, sýnikennsla, innlögn, hópvinna, gagnvirk verkefni, Snertitöflur, jafningjakennsla, paravinna, útikennsla o.fl. Kennsla í ensku, list- og verkgreinum frá 1. bekk. Kennsla í nýsköpun í 5. bekk, þátttaka í NKG. Lampasamkeppni - skapa úr því sem til fellur. Kynningar af ýmsum toga, samsöngur, samvera, kór, þorablót í 6. bekk, árshátíð í 7. bekk o.fl. Danskennsla í íþróttatímum. Heimsóknir listamanna.	Fleiri kennarar noti Snertitöflur - námskeið fyrir kennara, markvissari samvinna milli árganga, útikennsla á stundarskrá. Námskeið um notkun einingakubba. Áhugasviðsverkefni. Standa vörð um list- og verkgreinakennslu. Enn fleiri umsóknir frá nemendum í NKG. Umsókn í Endurmenntunarsjóð - Árangur og gæði í skólafarfunni.	<i>Samkvæmt skólafar Garðabæjar.</i> Til að auka árangursríkt nám þurfa kennsluhættir að vera fjölbreyttir. Þeir leiða til góðra samskipta, sjálfstæðra hugsana og skapandi starfs. Fjölbreytnin kemur í veg fyrir stöðnun og leiða á báða bóga. Engir tveir einstaklingar læra nákvæmlega á sama hátt - tengist einstaklingsmiðuðu skólafarfi.	Útlánakerfi á færanlegum Snertitöflum. Fjöldi kennslustunda í útikennslu og vettvangsferðir skráð í ársskýrslu. Fjölbreytnin kemur fram í kennsluáætlun og ársskýrslu hvers árgangs og hjá list- og verkgreinakennurum. Könnun um námsgreinar og kennsluhætti lögð fyrir nemendum, kennara og foreldra annaðhvort ár. Gátlisti lagður fyrir kennara annaðhvort ár.	Stjórnendur og kennarar.

Markmið	Aðgerð hvað gert	Aðgerð hvað verður gert	Rökstuðningur hvers vegna	Mælikvarði hvernig metið	Ábyrgð
<b>Fjölbreyttar námsmatsaðferðir</b>	Próf, mismunandi verkefni, jafningjamat, svindlpróf, símat, rúbriks (gátlistar), gagnvirk próf, munnleg próf, aðlöguð próf skv. einstaklingsnámskrá, samræmd próf, vinnusemi, iðni, kurteisi, umgengni o.fl. Námsframvinda í Mentor - list- og verkgreinar, sund, eðlisvísindi og vélritun. Leiðsagnarmat	Námsmat verður áfram fjölbreytt. Foreldrar og nemendur vinna saman. Leiðsagnarmat fyrir nemenda- og foreldra-samtal í október. Skoða notkun á námsframvindu í fleiri greinum. Þjálfar foreldra og nemendur í að skoða námsframvinduna. Námskeið fyrir kennara í að nota námsframvindu. Á að hætta að prenta út vitnisburðarblöð sbr. Námsframvinduna?	<i>Samkvæmt skólafarar Garðabæjar.</i> Námsmat er mikilvægt bæði fyrir nemendur, kennara og foreldra til þess að fylgjast með framvindunni. Þáttur í því að setja sér markmið er að fylgjast með hvort þeim hafi verið náð. Styrkja einstaklingsmiðað skólafarar til að koma til móts við ólíkar þarfir.	Í námsvísu kemur fram hvernig kennarar meta hverja námsgrein fyrir sig, hvað þættir eru lagðir til grundvallar. Deildarstjórar fylgjast með að námsmatið sé með þeim hætti sem ákveðið var. Yfirlit yfir innleiðingu á námsframvindunni. Könnun um viðhorf til námsframvindu lögð fyrir nemendur, kennara og foreldra á vorönn 2013. Gátlisti lagður fyrir kennara um leið og gátlisti fyrir kennsluáðferðir.	Stjórnendur, kennarar og kennsluráðgjafi í tölvu- og upplýsingatækni



Markmið	Aðgerð hvað gert	Aðgerð hvað verður gert	Rökstuðningur hvers vegna	Mælikvarði hvernig metið	Ábyrgð
Umhverfismennt	Skólinn er skóli á grænni grein, og fékk úthlutað Grænfánanum öðru sinni 2011. Skólinn hefur gert samning um verndun Arnarneslækjar ásamt FG. Efla umhverfisvitund nemenda með öllum tiltækum ráðum. Halda skólalóð og skólanum snyrtilegum.	Áfram verður unnið að því að efla umhverfisvitund nemenda og kennara. Yngstu nemendurnir eru bestu kennararnir. Sótt hefur verið um Comeniusarstyrk, en meginþema þess verkefnis er umhverfismennt í víðum skilningi. Skoða skólanámskrá í umhverfismennt til að fylgjast með hvort stígandi sé í kennslunni.	Samkvæmt skólastefnu <i>Garðabæjar</i> . Nemendur verði færir um að taka afstöðu gagnvart umhverfi sínu og skilji að það skipti máli að taka ekki meira frá jörðinni en þeir gefa.	Fjöldi funda umhverfisnefnd, eftirfylgni um t.d. umbúðir, rafmagnsnotkun. Sérstakur kafli í ársskýrslu - tenging við útikennslu. Skoða kostnað við kaup á pappír og rafmagni og bera saman milli ára.	Stjórnendur, kennarar og allt starfsfólk.

Markmið	Aðgerð hvað gert	Aðgerð hvað verður gert	Rökstuðningur hvers vegna	Mælikvarði hvernig metið	Ábyrgð
Heilbrigður lífsstíll, hreyfing og útvera	Íþróttakennsla skv. aðalnámskrá bæði úti og inni. Þátttaka í hvatningarverkefnum t.d. Göngum/hjólum í skólann og vinnuna - viðurkenning gullskórinna - farandskór fyrir besta árangurinn. Norræna skólahlaupið. Unicef hreyfing Vettvangsferðir, almenningsamgöngur og rútur, umhverfisvitund, skóli á grænni grein, Arnarneslækur í fóstri. Hollt nesti, hollur matur í samstarfi við foreldra og skólafirvöld.	Útikennsluáætlun á stundaskrá - einu sinni í viku. Þróunarverkefni með styrk úr Sprotasjóði - útikennsla í Garðabæ. Umsókn í Endurmenntunarsjóð - útikennsla í stærðfræði.	<i>Samkvæmt skólafarar</i> <i>Garðabæjar</i> Nemendur átti sig á mikilvægi þess að borða hollan mat og hreyfa sig. Nemendur læri að njóta útivistar og náttúru landsins.	Í námsvísun og ársskýrslu er samantekt um þau verkefni sem nemendur og starfsmenn hafa tekið þátt í. Könnun um líðan lögð fyrir nemendur og foreldra annaðhvort ár. 90% nemenda og starfsmanna gangi eða hjóli í skólann.	Stjórnendur, kennarar og námsráðgjafi.

Markmið	Aðgerð hvað gert	Aðgerð hvað verður gert	Rökstuðningur hvers vegna	Mælikvarði hvernig metið	Ábyrgð
Heilbrigð samskipti, lýðræði, félagsfærni og jafnrétti kynjanna	Góð samskipti við foreldra. Skýrar reglur. Markviss kennsla í lífsleikni. Reglulegir bekkjarfundir. Tengslakannanir. Móttaka nýrra nemenda. Unnið skv. áætlun Gegn einelti í Garðabæ. Námsráðgjöf, skólaráð, nemendafélag, fjölgreindarleikar kór, samsöngur, salur, tjáning, danskennsla í íþróttatímum. Leiðsagnarmat. Félagfærnihópar. Vettvangsferðir og Reykjaferð.	Búa til net allra aðila sem tengjast nemendum - skóli, íþróttir og tómstundir. Öflugra nemendafélag, virkja vinahópa betur þar sem það á við. Lýðræðisleg aðkoma að endurskoðun jafnréttis-áætlunar. Strákum finnst líka gaman að skrifa sögur - námskeið vor 2011. Nemendur fá að taka aukna ábyrgð. Kynjaskipting í völdum verkefnum. Skólareglur Hofstaðaskóla hafðar að leiðarljósi. Kynjahlutföll í nemendafélagi, skólaráði og umhverfisnefnd verði jöfn.	<i>Samkvæmt skólafarar Garðabæjar.</i> Einn mikilvægasti eiginleikinn í lífi og starfi á fullorðinsárum er að geta unnið með öðrum og leyst úr erfiðum málum. Í grunn-skóla undirbúum við nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi. Sjálfsvirðing er undirstaða vellíðunar. Mikilvægt er að nemendur þekki sjálfa sig og taki upplýstar ákvarðanir. Heilbrigð sál í hraustum líkama. Leiðarljós skólans.	Fjöldi funda hjá nemendafélagi, umhverfisnefnd og skólaráði. Fjöldi bekkja með vinahópa. Ská yfir eineltismál - grunuð og staðfest. Skrá yfir bekkjarfundi og vinahópa, skýrsla frá námsráðgjafa. Atburðir skráðir í ársskýrslu. Niðurstöður úr Skóla-púlsinum, HBSC, Könnun R og G annaðhvort ár. Leiðsagnarmat.	Stjórnendur og kennarar.

Þjónusta 2011

Markmið	Aðgerð hvað gert	Aðgerð hvað verður gert	Rökstuðningur hvers vegna	Mælikvarði hvernig metið	Ábyrgð
Gott aðgengi að sérfræðiþjónustu til að koma til móts við þarfir allra nemenda	Nýta styrkleika starfsmanna. Samstarf margra starfsstétta: Stjórnendur, kennarar, sérkennarar, námsráðgjafi, þroskapálfar, hjúkrunarfræðingur, stuðningsfulltrúar, sálfræðingur, félagsráðgjafi, talmeinafræðingur. Nemendaverndarráðsfundir, fundir með foreldrum, skilafundir með sérfræðingum, sérkennsla, félagsfærniþópar, kynning á nemendum með fötlun, nemendur kynna fötlun sína fyrir bekkjarfélögum, einstaklingsnámskrár, aðlagð námsefni og próf. Hreyfiþroskapróf lagt fyrir nemendur í 1. bekk. Skráð ferli varðandi hvert á að leita kynnt fyrir foreldrum og birt á vefsíðu.	Deildarstjóri hafi nú sem áður góða yfirsýn og stýri boðleiðum og verkefnum. Kynna hreyfiþroskapróf og tilgang þess fyrir foreldrum. Kynna betur fyrir foreldrum á haustfundum og fundi með foreldrum nemenda í 1. bekk ferli um hvert á að leita varðandi sérfræðiþjónustu sbr. heimasíðu.	<i>Samkvæmt skólastefnu Garðabæjar</i> Mikilvægt er að vinna sérfræðinga sé forvarnarstarf og allir þeir nemendur sem á þurfa að halda samkvæmt mati sérfræðinga fá skjóta og markvissa þjónustu. Slíkt stuðlar að öryggi og vellíðan nemenda.	Mikilvægar trúnaðarupplýsingar eru ekki birtar öðrum en þeim sem málið varðar. Fjöldi nemendaverndarráðsfunda, vinna skv. einstaklingsnámskrá, skýrsla í lok skólaárs um sérkennslu. Könnun um líðan lögð fyrir nemendur og foreldra annaðhvort ár. Stefnt að því að útrýma einelti.	Stjórnendur, sérstaklega deildarstjóri í sérkennslu.

**Þjónusta 2011**

Markmið	Aðgerð hvað gert	Aðgerð hvað verður gert	Rökstuðningur hvers vegna	Mælikvarði hvernig metið	Ábyrgð
<p>Foreldrar fá tækifæri til að taka þátt í skólastarfinu og taka að sér tiltekin verkefni og stuðla þannig að betri árangri barns síns</p>	<p>Foreldrar eru virkir þátttakendur í starfi barna sinna, þ.e. þeir mæta mjög vel á alla viðburði. Mæting á haustfundi og foreldrafundi er mjög góð.</p>	<p>Ein leið er að foreldrar skipti með sér verkum og skipuleggi í samráði við umsjónarkennara heimsóknir í bekki og kynni jafnvel störf sín.</p>	<p><i>Samkvæmt skólastefnu Garðabæjar.</i> Ýmsar rannsóknir benda til þess að þegar foreldrar taka virkan þátt í skólastarfi er frammistaða barna þeirra betri, sjálfstraustið meira og viðhorfið jákvæðara.</p>	<p>Fjöldi bekkjarkvölda, mæting á haustfundi og foreldrafundi. Hver kennari gerir samantekt í ársskýrslu um foreldrasamstarf, skólastjóri tekur saman og kynnir fyrir skólaráði. Fjöldi svarenda í Leiðsagnarmati</p>	<p>Stjórnendur og umsjónarkennarar</p>

Þjónsta 2011

Markmið	Aðgerð hvað gert	Aðgerð hvað verður gert	Rökstuðningur hvers vegna	Mælikvarði hvernig metið	Ábyrgð
Samstarf milli skólastiga	Nýlega endurskoðuð áætlun um Brúum bilið - leikskóli - grunnskóli, sjá áætlun. Kynningarfundur fyrir foreldra leikskólabarna í mars, fundur í maí, einstaklingsviðtöl í ágúst, haustfundur í september. Kynningarbréf sent frá skóla til foreldra. Heimsóknir nemenda í 7. bekk í Garðaskóla og Sjálandsskóla og öfugt. Sameiginleg diskótek í 7. bekk. Skilafundur umsjónark. /sérk. á vori áður en nemendur 7. bekkja fara í Garðaskóla/Sjálandsskóla	Kynna Brúum bilið betur t.d. á vefsíðu og með bréfi til foreldra (leikskóli). Sameiginleg ábyrgð leik- og grunnskóla. Halda sameiginlega fundi innan greina, halda fagfundi a.m.k. tvisvar á ári. Koma upp verkefnabanka sem allir skólarnir hafi aðgang að. Skoða betur samfellu í námi á yngsta stigi, miðstigi og unglिंगastigi. Fagstjórar/deildarstjórar í skólunum hittist reglulega. Nemendur með sérþarfir upplifi samfellu í aðstoð milli skólastiga.	<i>Samkvæmt skólastefnu Garðabæjar.</i> Áætlunin á að stuðla að því að auka vellíðan og öryggi barna við að fara úr leikskóla í grunnskóla (yngsta og miðstigi) og síðan á unglिंगastigi. Tryggja samfellu og auka þannig námsárangur.	Fjöldi heimsókna leikskólabarna - hvað skoðað, samantekt að vori. Upplifun foreldra. Könnun á fundi í maí. Könnun hjá nemendum og foreldrum í 7. bekk.	Skólaskrifstofa, stjórnendur, kennsluráðgjafi, námsráðgjafi og kennarar.

Þjónusta 2011

Markmið	Aðgerð hvað gert	Aðgerð hvað verður gert	Rökstuðningur hvers vegna	Mælikvarði hvernig metið	Ábyrgð
Virkt upplýsingastreymi	<p>Umsjónarkennarar á yngra stigi senda vikupóst. Heimavinnuáætlun í Mentor.</p> <p>Ýmislegt skráð í dagbók, t.d. hegðun nemenda.</p> <p>Tölvupóstur sendur til einstakra foreldra eða kennari hringir í þá þegar við á.</p> <p>Foreldrar alltaf velkomnir til að hitta stjórnendur.</p> <p>Námsmat birt í Mentor x2 á ári.</p> <p>Mjög virk heimasíða.</p> <p>Skólastjóri sendir póst.</p> <p>Nemenda og foreldrasamtöl eru tvisvar yfir skólaárið.</p>	<p>Á miðstigi er sendur póstur á tveggja vikna fresti um ástundun?</p>	<p><i>Samkvæmt skólastefnu Garðabæjar.</i> Upplýsa foreldra um allt sem skólinn telur skipta máli fyrir þá til að geta sem best fylgst með námi barna sinna.</p>	<p>Reglulegir vikupóstar, ástundun send reglulega, heimavinnuáætlun vikulega (hægt að skoða og telja). Telja fréttir og heimsóknir á heimasíðu.</p> <p>Skráning yfir símtöl til foreldra.</p> <p>Telja vikupósta.</p>	<p>Stjórnendur, kennsluráðgjafi, kennarar.</p>

## Mannauður 2011

Markmið	Aðgerð hvað gert	Aðgerð hvað verður gert	Rökstuðningur hvers vegna	Mælikvarði hvernig metið	Ábyrgð
Eftirsóknarverður vinnustaður	Aðstaða til kennslu er ágæt, ásamt búnaði og tækjum sem styðja við nám nemenda. Mjög lítill niðurskurður. Jákvætt andrúmsloft. Góður hópur nemenda, jákvæður og styðjandi foreldrahópur. Góður og hollur matur í mötuneyti starfsmanna, hlýleg aðstaða.	Stækka skólann og færa til nútímalegra horfs. Tengja Hofin, sunnan megin, saman til að stuðla að meira skapandi starfi og samvinnu kennara og nemenda.	<i>Samkvæmt skólastefnu Garðabæjar. Jákvæður starfsandi, jákvætt starfsfólk sem leggur metnað í störf sín.</i>	Könnun lögð fyrir starfsmenn.	Stjórnendur, allir starfsmenn, bæjarstjórn. Allt hefur áhrif einkum við sjálf.



Markmið	Aðgerð hvað gert	Aðgerð hvað verður gert	Rökstuðningur hvers vegna	Mælikvarði hvernig metið	Ábyrgð
Fjölbreytt starfsþróun	<p>Í kjarasamningi kennara er gert ráð fyrir 102-150 stundum í endur- og símenntun á ári. Kennarar skila inn upplýsingum um hvernig þeir tímar voru nýttir á hverju vori. Sótt um styrki í Endurmenntunarsjóð grunnskóla.</p> <p>Mjög mismunandi hvað kennarar nota marga klst. á ári í starfsþróun sbr. upplýsingar til skóla og TALLIS.</p> <p>Kennarar hafa fengið leyfi til að sækja námskeið á starfstíma skóla og sótt fé úr Starfsmenntunarsjóði KÍ.</p>	<p>Skólinn bjóði upp á fleiri og fjölbreyttari námskeið utan starfstíma skóla.</p> <p>Sækja um fleiri styrki í Endurmenntunarsjóð grunnskóla.</p> <p>Hver kennari geri endur- og símenntunaráætlun fyrir sjálfan sig að hausti, skólastjóri undirskrifar, kennari gerir grein fyrir hvernig til tókst að vori.</p> <p>Skólinn/skólaskrifstofa standi fyrir námskeiðum áður en formlegt skólastarf hefst.</p> <p>Kennarar verði þátttakendur í fleiri þróunarverkefnum sem hluta af endur- og símenntun.</p>	<p><i>Samkvæmt skólastefnu Garðabæjar.</i> Endurmenntun kennara skal vera í samræmi við endurmenntunaráætlun skólans og þær áherslur sem eru á hverjum tíma í umbótastarfi skóla.</p> <p>Skólastjóri getur ákveðið að einstakir kennarar eða kennarahópar sækji skilgreinda endurmenntun.</p> <p>Kennari skilgreinir þarfir sínar fyrir endurmenntun, og kynnir skólastjóra sem ákveður hvernig staðið er að þessum málum með þarfir nemenda, kennara og heildarmarkmið skólans í huga. Með sveigjanlegu upphafi og lokum skólastarfs má skapa svigrúm til að kennarar geti sótt endurmenntun í auknu mæli á starfstíma skóla.</p> <p>Endurmenntun/undirbúningur utan starfstíma skóla skal vera í samræmi við endurmenntunaráætlun skóla og undir verkstjórn skólastjóra. (Úr kjarasamni KÍ og LN 1.8.2005 31.12.2007)</p>	<p>Skil á skýrslum kennara að vori.</p> <p>Skólaskrifstofa þarf að vinna með skólum um skilgreiningu á endurmenntunartímum í kjarasamningi</p>	Stjórnendur, starfsmenn, skólaskrifstofa.

## Mannauður 2011

Markmið	Aðgerð hvað gert	Aðgerð hvað verður gert	Rökstuðningur hvers vegna	Mælikvarði hvernig metið	Ábyrgð
